

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um launaviðbót eptir kornvæði fjárhagsárið 1865—66.¹

1865.
20. marz.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins, dagsett 18. þ. m., er yður var sent með fylgiskjali, sem heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, skal yður hærmeð til vitundar gefið, herra stiptamtadur, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að sökum þess hversu kornvæðið er lágt í verðlagsskrám þeim, sem farið er eptir, ber embættismönnum og embættishjónum í suðurumdæmi Íslands engin launaviðbót eptir kornvæði á fjárhagsárinu 1865—66, samkvæmt lögunum frá 19. febrúarmán. 1861 og 19. janúarmán. 1863.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um aðkaupsgjald af skipum.

6. april.

Í bréfi dagsettu 11. októbermán. f. á., sem borizt hefir dómsmálastjórninni beina leið, og í eptirriti fylgir með bréfi þessu, hefir Árni Thorsteinson, landfógeti og bæjarfógeti í Reykjavík, skýrt frá, að borgað hafi verið aðkaupsgjald af skonnortu nokkurri frakkneskri, "Fleur de Marie" að nafni, sem strandað hafði á Íslandi, og búandi maður í Reykjavík hafði keypt og látið gjöra við, og að síðan hafi verið bókað, að skipið fyrst um sinn ætti heima í Reykjavík. Hann hefir þar að auki getið þess, að með því að engar beinar ákvarðanir að hans hyggju eru til um það, hvernig að eigi að fara, þegar útlendum skipum, sem menn á Íslandi eignast, sè veitt einkunn innlendra skipa, þá væri það mjög svo æskilegt, að embættismönnum þeim, sem hlut eiga að máli, væri sagt ítarlega til um, hvernig þeir eigi að fara að, þegar svo stendur á, og hefir hann komið fram með ýmsar uppástungur lútandi að því.

¹) Sama dag var hinum amtmönnum á Íslandi, landfógetanum og stiptsyfírvöldunum, ritað bréf líks innihalds.